

Reykjavík, 19. desember 2019

Efni: Rökstutt álit endurskoðendaráðs um áminningu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur

Endurskoðendaráð vísar til bréfs ráðsins til yðar, dags. 26. nóvember 2019 vegna gæðaeftirlits 2019. Í bréfinu er tilgreint að ráðið telji að gera þurfi fjölda athugasemda/ábendinga við verkefna yðar í gæðaeftirliti 2019.

Auk þess kemur fram í bréfinu að endurskoðendaráð telji að til greina komi að gera athugasemd við að þér áritið í nafni fyrirtækis sem ekki er skráð endurskoðunarfyrirtæki. Þá óskar endurskoðendaráð í bréfinu eftir upplýsingum um þá starfsábyrðgartryggingu sem sögð var vera fyrir hendi.

Vegna hugsanlegra nýrra ábendinga og athugasemda var yður veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin í málinu. Ráðinu bárust andmæli frá yður, dags. 29. nóvember 2019.

Endurskoðendaráð fór yfir andmæli yðar og fellst á þau að hluta. Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að gera þurfi eftirfarandi athugasemdir/ábendingar hjá yður í gæðaeftirliti 2019.

Athugasemdir/ábendingar

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði um mat á óhæði endurskoðunarfyrirtækis og um sjálfsmatsógn vegna annarar þjónustu.

Athugasemd er gerð við að í ráðningarbréfið vantaði umfjöllun um ábyrgð endurskoðanda og reikningsskilareglur ásamt því að í ráðningabréfið vantaði tilvísun í áætlað form áritunar.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á áhættumati, t.d. hvernig áhættumatið var framkvæmt, hvaða gögn voru skoðuð, umræður innan teymist um hættuna á skekkju vegna sviksemi og niðurstöðu áhættumats.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á upphafsgreiningu

Ábending er gerð við að skjölun vantaði á því hvaða reikningsskilareglum var beitt

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á hvað endurskoðandi skilgreindi sem sérgreindar áhættur, hvernig þær voru endurskoðaðar og niðurstöðu.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á áhættumat endurskoðanda varðandi reikningsskilin í heild og staðhæfingar mikilvægra liða reikningsskilanna.

Athugasemd er gerð við að ekki var til staðar endurskoðunaráætlun og endurskoðunarfyrirmæli.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á endurskoðun einstakra liða, þ.m.t. tekna og sniðgöngu stjórnenda.

Ábending er gerð við að skjölun vantaði á því að endurskoðandi hafi rakið sig frá ársreikningi, niður í aðalbók og þaðan niður í yfirlitsblöð, afstemmingar og endurskoðunaraðgerðir.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á endurskoðun lokafærslna.

Athugasemd er gerð við að endurskoðandi sendi ekki út staðfestingarbréf, hvorki til fjármálafyrirtækja né viðskiptavina.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á endurskoðun viðskiptakrafna eftir árslok, vegna tilvistar og mats á varúð krafna.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á endurskoðun tengdra aðila, t.d. hverjir eru tengdir aðilar, hvaða viðskipti eru við þá og hvernig þeir voru endurskoðaðir.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði um lok endurskoðunar og niðurstöðu endurskoðunaraðgerða.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á rekstrarhæfi.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á yfirferð ársreiknings og að ekki hafi verið til staðar tékklisti þar sem framsetning ársreiknings var borinn saman við kröfur laga nr 3/2006.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði á greiningaraðgerðum við lok endurskoðunar.

Athugasemd er gerð við að í staðfestingarbréf stjórnenda vantaði að stjórn beri ábyrgð á framsetningu ársreiknings, að allar færslur tímabilsins hafi verið bókaðar og forsendur mikilvægs reikningshaldslegs mats.

Athugasemd er gerð við að staðfestingarbréf stjórnenda er dagsett 25. ágúst 2019. Áritun endurskoðanda á ársreikning er dagsett 23. ágúst 2019 og áritun stjórnar á ársreikninginn er ódagsett.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði um endurskoðun lagalegra álitaefna.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði um endurskoðun atburða eftir lok reikningsskiladags.

Athugasemd er gerð við að engin endurskoðunarskýrsla hafi verið til staðar, að ekki hafi verið skjalað að farið hafi verið með stjórnendum yfir helstu niðurstöður endurskoðunar og farið yfir ábendingar um veikleika í innra eftirliti.

Athugasemd er gerð við að skjölun vantaði um veikleika í innra eftirliti.

Athugasemd er gerð við að í áritun er tvítalið, þ.e. það gleymdist að eyða álitum frá fyrra ári, en þá var áritun gerð með fyrirvara. Einnig vantaði í áritun að stjórn skuli hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreiknings.

Athugasemd er gerð við að varðveisla endurskoðunargagna hafi ekki verið í samræmi við ákvæði ISA staðla. Endurskoðandi hafði ekki læst þeim.

Athugasemd er gerð við að endurskoðunarfyrirtækið hefur ekki sent tilkynningu um ábyrgðarmann til peningaþvættisskriftofu.

Fyrir liggur að endurskoðendaráð gerir töluverðar athugasemdir og ábendingar við vinnu yðar við það verkefni sem skoðað var í gæðaeftirliti 2019. Ráðið telur því að ástæða sé til þess að beita yður viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 vegna niðurstöðu í gæðaeftirliti 2019. Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að veita yður áminningu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008.

Endurskoðendaráð gerir kröfu um að þér bætið úr þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru hjá yður í gæðaeftirliti 2019. Til að sannreyna það hefur ráðið ákveðið að yður verði gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti. Hafi þá ekki verið bætt úr framangreindum annmörkum megið þér búast við að endurskoðendaráð grípi til frekari aðgerða.